

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Skráningar- og árgjald hunda.

Þeir sem fá heimild til hundahalds, sbr. 5. gr. samþykktar nr. 1294/2024 um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Dalvíkurbyggð, skulu greiða þau gjöld sem hér segir:

Skráningargjald hunds kr. 3.839

Árgjald fyrir hundaleyfi kr. 11.810

Skráningargjald skal greitt við skráningu hunds. Eftir það greiðist árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund. Innifalið í skráningargjaldi er auðkennisplata og umsýslugjald sveitarfélagsins. Innifalið í árgjaldi er hundahreinsun og kostnaður sveitarfélagsins við umsýslu og eftirlit.

Undanskildir árgjaldi eru hundar skilgreindir sem leitar-, björgunarsveitar- eða lögregluhundar.

2. gr.

Skráningar- og árgjald katta.

Þeir sem fá heimild til kattahalds, sbr. 5. gr. samþykktar nr. 1294/2024 um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Dalvíkurbyggð, skulu greiða þau gjöld sem hér segir:

Skráningargjald kattar kr. 3.839

Árgjald fyrir kattaleyfi kr. 6.957

Skráningargjald skal greitt við skráningu kattar. Eftir það greiðist árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött. Innifalið í skráningargjaldi er auðkennisplata og umsýslugjald sveitarfélagsins. Innifalið í árgjaldi er kattahreinsun og kostnaður sveitarfélagsins við umsýslu og eftirlit.

3. gr.

Gjald fyrir handsömun hunda.

Gjald fyrir handsömun hunda skv. 12. gr. samþykktar nr. 1294/2024 um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Dalvíkurbyggð sem teknir eru lausir skal greitt af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausan hund að ræða. Gjaldið er eftirfarandi:

Handsömun skráðs hunds kr. 15.000 en kr. 45.000 fyrir óskráðan hund.

Þurfi að vista hund yfir nótt, skal greiða vörslugjald að fjárhæð kr. 3.850 fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað Dalvíkurbyggðar vegna hundsins.

Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

4. gr.

Gjald fyrir handsömun katta.

Gjald fyrir handsömun katta skv. 16. gr. samþykktar nr. 1294/2024 um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Dalvíkurbyggð sem teknir eru lausir skal greitt af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni kattar sé um leyfislausan kött að ræða. Gjaldið er eftirfarandi:

Handsömun kattar kr. 7.500

Þurfi að vista kött yfir nótt, skal greiða vörslugjald að fjárhæð kr. 3.850 fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað Dalvíkurbyggðar vegna kattarins.

Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Dalvíkurbyggð nr. 1294/2024, var samþykkt í umhverfis- og dreifbýlisráði Dalvíkurbyggðar 4. október 2024 og í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 19. nóvember 2024. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2025 og falla þá úr gildi

Nr. 1660

16. desember 2024

gjaldskrár um kattahald í Dalvíkurbyggð nr. 1596/2023 og um hundahald í Dalvíkurbyggð nr. 1595/2023.

Dalvíkurbyggð, 16. desember 2024.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 30. desember 2024